



Barnaverndarstofa

Greining á tölulegum upplýsingum frá barnaverndarnefndum.

28. október 2020

Barnaverndarstofa hefur greint tölur sem borist hafa frá barnaverndarnefndum vegna tilkynninga sem bárust í ágúst og september 2020¹. Barnaverndarstofa hefur tekið saman tölur mánaðarlega síðan í mars 2020 til að fylgjast með þróun tilkynninga og greina stöðu mála eins fljótt og auðið er. Hingað til hafa mánaðarlegu tölurnar verið bornar saman við skilgreint samanburðartímabil, frá 1. janúar 2019 til og með 29. febrúar 2020. Verður því haldið áfram auk þess sem nú eru mánaðarlegar tölur einnig bornar saman við tilkynningar sem borist hafa á þessu ári síðan mánaðarleg greining var hafin, þ.e. frá mars 2020.

Tilgangur greiningarinnar er að leggja mat á hvort og þá hvaða áhrif COVID-19 faraldurinn hefur haft á tilkynningar til barnaverndarnefnda.

Samantekt á tölum fyrri mánaða má finna í sérstöku skjali sem er meðfylgjandi.

Fjöldi tilkynninga


Í ágúst 2020 bárust alls 979 tilkynningar til barnaverndarnefnda og í september var heildarfjöldi tilkynninga 1.261. Borið saman við tímabilið janúar 2019-febrúar 2020, þegar bárust að meðaltali 955 tilkynningar og mest 1.135, þá sést að tilkynningar sem bárust í ágúst eru rétt yfir meðaltali en vel innan þeirrar sveiflu sem getur verið á milli mánaða. Tilkynningar í septembermánuði voru aftur á móti vel yfir hæsta gildi samanburðartímans.

Tilkynningar í ágúst 2020 voru 20,9% fleiri en í sama mánuði á árinu 2019, en vert er að nefna að færstar tilkynningar árið 2019 voru í ágústmánuði það ár. Tilkynningar í september 2020 voru 13,1% fleiri í ár en í sama mánuði árið 2019.

Þegar fjöldi tilkynninga er skoðaður eftir því hvort þær bárust til 1) Reykjavíkur, 2) nefnda á höfuðborgarsvæðinu og 3) nefnda á landsbyggð, má sjá að heildarfjöldi tilkynninga voru yfir meðallagi í Reykjavík í ágúst en rétt undir meðallagi á höfuðborgarsvæði og landsbyggð. Í september var fjöldi tilkynninga yfir meðallagi í Reykjavík en þó innan þeirrar sveiflu sem má vænta á milli mánaða. Á höfuðborgarsvæði og á landsbyggð var fjöldi tilkynninga í september umfram hæsta gildi samanburðartímabilsins.

¹ Barnaverndarstofa byggir greiningu sína á tölum sem barnaverndarnefndir skila inn í mánuðinum eftir að tilkynning berst, þegar heildarfjöldi þess mánaðar liggur fyrir. Þeim tölum sem þessi greining byggir á var skilað fram til 22. október 2020


Fjöldi tilkynninga miðað við samanburðartímabil



Graf 1: Fjöldi tilkynninga í ágúst og september borið saman við samanburðartímabilið janúar 2019 til 29. febrúar 2020

Hér fyrir neðan má sjá tilkynningar sem bárust í ágúst og september 2020 samanborið við mánuðina á undan. Þar sést að fjöldi tilkynninga sem barst í ágúst var með lægra mótí á tímabilinu, en aðeins höfðu færri tilkynningar borist í júlí. Aftur á mótí hafa ekki fleiri tilkynningar borist á tímabilinu en þær sem bárust í september, 1.261 talsins.

Heildarfjöldi tilkynninga, mars-september 2020




Graf 2: Heildarfjöldi tilkynninga til allra nefnda á landinu frá mars 2020 til september 2020

Fjöldi tilkynninga gegnum neyðarnúmerið 112

Í ágúst 2020 bárust alls 146 tilkynningar í gegnum 112 sem eru mun fleiri tilkynningar en á mánuðunum á undan. Tilkynningar sem bárust í september gegnum neyðarnúmerið voru heldur færri eða 110.

Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 99 tilkynningar og minnst 46 tilkynningar frá 112 í einum mánuði og er meðaltal tilkynninga sem bárust frá 112 á umræddu tímabili 80. Tilkynningar í ágúst og september 2020 sem bárust í gegnum neyðarnúmerið eru því fleiri en hæsta gildi tímabilsins janúar 2019 – febrúar 2020.


Þegar fjöldi tilkynninga er skoðaður eftir því hvort þær bárust til 1) Reykjavíkur, 2) nefnda á höfuðborgarsvæðinu og 3) nefnda á landsbyggð, má sjá að fjöldi tilkynninga í gegnum 112 er alls staðar yfir meðaltali í ágúst og september 2020.



Graf 3: Fjöldi tilkynninga í gegnum neyðarnúmerið 112 í ágúst og september borið saman við samanburðartímabilið janúar 2019 til 29. febrúar 2020

Sé litið til þeirra tilkynninga sem hafa borist í gegnum neyðarnúmerið síðan í mars þá hafa ekki fleiri tilkynningar borist í gegnum neyðarnúmerið en þær sem bárust í ágúst. Áður höfðu flestar tilkynningar borist í gegnum 112 í apríl 2020, þá 141 tilkynning.

Fjöldi tilkynninga gegnum 112, mars-september 2020



Graf 4: Fjöldi tilkynninga sem bárust í gegnum neyðarnúmerið 112 á tímabilinu mars 2020 til september 2020


Fjöldi tilkynninga þar sem tilkynnandi telur barn vera í yfirvofandi hættu

Alls bárust 84 tilkynningar til barnaverndarnefnda á landinu í ágúst 2020 þar sem tilkynnandi telur barn vera í yfirvofandi hættu og í september voru tilkynningarnar 85.

Sé litið til tímabilsins janúar 2019- febrúar 2020, bárust mest 74 tilkynningar og minnst 41 á einum mánuði þar sem tilkynnandi telur barn í yfirvofandi hættu. Tilkynninga af þessu tagi voru á þessu tímabili 56 að meðaltalið. Það er því ljóst að þær tilkynningar er bárust í ágúst og september 2020 eru vel yfir meðaltali og nokkuð fleiri en mætti vænta miðað við mánaðarlegar sveiflur.


Þær tilkynningar sem bárust í ágúst og september eru fleiri samanborið við júní og júlí 2020, en færri en bárust í apríl og maí 2020, þá 92 í hvorum mánuði.

Fjöldi bráðatilkynninga (hversu oft var barn talið í yfirvofandi hættu að mati tilkynnanda) miðað við samanburðartímabil



Graf 5: Fjöldi bráðatilkynninga (hversu oft var barn talið í yfirvofandi hættu að mati tilkynnanda) miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 – 29. febrúar 2020

Fjöldi bráðatilkynninga, mars - september 2020



Graf 6: Fjöldi bráðatilkynninga (hversu oft var barn talið í yfirvofandi hættu að mati tilkynnanda) á tímabilinu mars 2020 til september 2020

Fjöldi barna sem tilkynnt er um


Þegar litið er til fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda þarf að hafa í huga að fleiri en ein tilkynning getur borist vegna hvers barns. Vegna þessa er einnig mikilvægt að líta til fjölda barna sem tilkynningar berast vegna.

Í ágúst 2020 bárust tilkynningar um alls 779 börn en í september voru þau 978. Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest tilkynningar um 874 og minnst 622 börn á einum mánuði og er meðalfjöldi barna sem tilkynnt er um á umræddu tímabili 764.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um í ágúst er því nálægt meðaltali samanburðartímabilsins janúar 2019 – febrúar 2020 en tilkynningar septembermánaðar eru vel utan þess sem mætti vænta vegna mánaðarlegra sveiflna.


Ef litið er til fjölda barna sem tilkynnt er um í ágúst til 1) Reykjavíkur, 2) nefnda á höfuðborgarsvæði og 3) nefnda á landsbyggð má sjá að fjöldi barna er yfir meðaltali samanburðartímabilsins í Reykjavík, í kringum meðaltal á höfuðborgarsvæðinu en undir meðaltali á landsbyggðinni í ágúst. Í september er fjöldi barna í Reykjavík í meðallagi en bæði á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni bárust tilkynningar vegna fleiri barna en hæsta gildi samanburðartímabilsins.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um, miðað við samanburðartímabil



Graf 7: Fjöldi barna sem tilkynnt var um, miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2020

Ef litið er til þeirra tilkynninga sem borist hafa síðan í mars á þessu ári sést að fjöldi barna sem tilkynningar bárust vegna voru flestar í september að undanskildum maímánuði þegar bárust tilkynningar vegna 998 barna.



Graf 8: Fjöldi barna sem tilkynnt var um á tímabilinu mars til september 2020

Hverjir tilkynna

Barn


Í ágúst 2020 bárust sex tilkynningar til barnaverndarnefnda þar sem barn hefur samband en í september voru tilkynningarnar 12.

Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 9 tilkynningar og minnst engin tilkynning á einum mánuði frá barninu sjálfu og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 5.

Sá fjöldi tilkynninga er barst í ágúst 2020 frá barni sjálfu er því innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða. Tilkynningar septembermánaðar eru aftur á móti fleiri en vænta mætti miðað við mánaðarlegar sveiflur.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tölur í ágúst eru innan hefðbundinnar sveiflu milli mánaða í Reykjavík, á höfuðborgarsvæði og landsbyggð. Hið sama gildir fyrir septembermánuð, fyrir utan fjöldi tilkynninga sem barst til nefnda á höfuðborgarsvæðinu þar sem bárust tvöfalt fleiri tilkynningar frá barni en hæsta gildi samanburðartímabilsins.


Fjöldi tilkynninga frá barni miðað við samanburðartímabil



Graf 9: Fjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til september 2020

Flestar voru tilkynningar frá barni voru enn sem fyrr í mars 2020, eða 17 tilkynningar. Næst flestar tilkynningar bárust núna í september, líkt og má sjá hér á eftir. Hér má benda á að flestar voru tilkynningarnar á höfuðborgarsvæðinu hvar óvenjumargar tilkynningar bárust frá barni.

Fjöldi tilkynninga frá barni, mars - september 2020



Graf 10: Fjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda á tímabilinu mars til september 2020


Foreldrar

Í ágúst 2020 bárust alls 89 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá foreldrum barns og í september voru þær 110.

Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 86 tilkynningar og minnst 52 tilkynningar á einum mánuði frá foreldrum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 66.


Fjöldi tilkynninga í ágúst 2020 frá foreldrum barns eru yfir meðaltali og þremur fleiri en hæsta gildi á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020. Aftur á móti er fjöldi tilkynninga frá foreldrum langt yfir meðaltali, og raunar langtum fleiri en hæsta gildi samanburðartímabilsins.

Þegar skoðaðar eru tölur í júní fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tölur fyrir ágúst í Reykjavík og á landsbyggð eru yfir meðaltali og raunar eru tilkynningar af hálfu foreldra í Reykjavík fleiri en hæsta gildi á samanburðartímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020. Tölur á höfuðborgarsvæðinu eru 16, sem er einmitt meðaltalið á samanburðartímabilinu. Ef litið er til tilkynninga sem bárust frá foreldrum í september má sjá að tilkynningar eru flestar á landsbyggðinni, 50 talsins, en bæði þar og í Reykjavík voru tilkynningar fleiri en hæsta gildi samanburðartímabilsins. Tölur septembermánaðar fyrir höfuðborgarsvæðið eru í meðallagi.



Graf 11: Foreldrar tilkynna til barnaverndarnefnda miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til september 2020

Ekki hafa borist fleiri tilkynningar frá foreldrum á þessu ári en þær sem bárust í september. Áður höfðu flestar tilkynningar borist frá foreldrum í mars 2020 eða 92 tilkynningar. Líkt og áður hefur verið nefnt, barst stór hluti tilkynninga til nefnda á landsbyggðinni, eða 50 talsins. Er það langt umfram fjölda tilkynninga sem hefur borist á þessu ári.



Graf 12: Foreldrar tilkynna til barnaverndarnefnda, mars til september 2020


Skóli

Í ágúst 2020 bárust alls 14 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá skólum landsins en í september voru tilkynningarnar 188.

Sé borið saman við tilkynningar sem bárust á tímabilinu 2019 – febrúar 2020 má sjá að mest bárust 221 tilkynning og minnst 14 tilkynningar á einum mánuði og var meðaltal tilkynninga frá skólum á umræddu tímabili 140. Því má sjá að fjöldi tilkynninga í ágúst frá skólum er undir meðaltali þess tímabils. Aftur á móti er mikilvægt að hafa í huga að tilkynningum frá skólum fækkar almennt verulega þá mánuði sem skólahald liggur niðri og er fjöldi tilkynninga á mánuði yfir sumartímam því iðulega undir meðaltali. Ef litið er til síðustu þriggja ára, 2017-2019, má sjá að tilkynningar frá skólum voru 24, 9 og 17 í ágúst mánuði hvers árs og er fjöldi tilkynninga í ágúst 2020 því í takt við fjölda tilkynninga í ágúst, árunna á undan.

Þær tilkynningar sem bárust í september mánuði eru aftur á móti yfir meðaltali samanburðartímabilsins en vel innan þeirrar sveiflu sem má finna milli mánaða.


Fjöldi tilkynninga frá skólum miðað við samanburðartímabil



Graf 13: Skólar tilkynna til barnaverndarnefnda miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2020

Ef litið er til þeirra tilkynninga sem hafa borist síðan í mars 2020 má sjá að tilkynningar septembermánaðar eru í takt við þann fjölda sem barst í maí, rétt áður en almennu skólahlaldi lauk.

Skóli tilkynnir, mars - september 2020



Graf 14: Fjöldi tilkynninga frá skólum til barnaverndarnefnda, mars til september 2020

Leikskóli/dagforeldri


Í ágúst 2020 bárust alls 17 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá leikskólum/dagforeldrum og í september voru þær 22.

Á samanburðartímabilinu, janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 31 tilkynning og minnst 10 tilkynningar á einum mánuði frá leikskólum/dagforeldrum og er meðaltal þeirra tilkynninga á umræddu tímabili 19. Þær tilkynningar sem bárust í ágúst 2020 eru því rétt undir meðaltali samanburðartímabilsins og tilkynningar septembermánaðar rétt yfir meðaltali.

Þegar skoðaðar eru tölur í ágúst og september 2020 fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að fjöldi tilkynninga er rétt yfir meðaltali samanburðartímabilsins janúar 2019-febrúar 2020 í Reykjavík. Í ágúst var fjöldi tilkynninga frá leikskólum og dagforeldrum rétt undir meðaltali samanburðartímabilsins á höfuðborgarsvæðinu en rétt yfir í september. Á landsbyggðinni var fjöldi tilkynninga rétt undir meðaltali báða mánuðina.


Rétt er að nefna að tilkynningum frá leikskólum/dagforeldrum fækkar almennt verulega yfir sumarmánuði og fjöldi tilkynning á mánuði yfir sumartímenn eru því iðulega undir meðaltali. Sé borið saman við tilkynningar er bárust í ágústmánuði þrjú árin á undan, 2017-2019, sem þá voru 9, 8 og 11, sést að þær tilkynningar sem bárust í ágúst 2020 frá leikskólum/dagforeldrum voru heldur fleiri.

Fjöldi tilkynninga frá leikskólum/dagforeldrum, miðað við samanburðartímabil



Graf 15: Leikskólar/dagforeldrar tilkynna til barnaverndarnefndar miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til september 2020

Ef litið er til ársins 2020 sést að í maí og júní 2020 bárust heldur fleiri tilkynningar frá leikskólum/dagforeldrum en gengur og gerist, og þá sérstaklega í júní þegar alls bárust 42 tilkynningar á landinu öllu. Er fjöldi tilkynninga sem bárust í ágúst og september 2020 því svipaðri því sem sást í mars, apríl og júlí 2020.



Graf 16: Leikskólar/dagforeldrar tilkynna til barnaverndarnefnda, mars til september 2020


Nágrannar

Í ágúst 2020 bárust 81 tilkynning til barnaverndarnefnda frá nágrönnum, en í september voru tilkynningarnar 65.

Á tímabilinu 2019 – febrúar 2020 bárust minnst 48 tilkynningar og mest 80 tilkynningar á einum mánuði frá nágrönnum. Meðaltal tilkynninga frá nágrönnum á umræddu samanburðartímabili voru 65. Má því sjá að þær tilkynningar sem bárust í ágúst 2020 voru fleiri en hæsta gildi samanburðartímabilisins en tilkynningar sem bárust í september í meðallagi.

Þegar litið er til talna í ágúst 2020 fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að Reykjavík sker sig nokkuð úr er varðar fjölda tilkynninga samanborið við samanburðartímabilið janúar 2019 – febrúar 2020. Fjöldi tilkynninga í Reykjavík í ágúst var 63 sem er herra en hæsta gildi samanburðartímabilisins. Tilkynningar frá nágrönnum á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni voru aftur á móti undir meðaltali samanburðartímabilisins. Í september er því raunar þveröfugt farið þar sem bárust færri tilkynningar frá nágrönnum í Reykjavík en lægsta gildi samanburðartímabilisins, á höfuðborgarsvæðinu voru tilkynningar í herra lagi en þó innan þeirrar sveiflu sem má vænta á milli mánaða. Á landsbyggðinni voru tilkynningar fá nágrönnum rétt undir meðaltali samanburðartímans.


Fjöldi tilkynninga frá nágrönnum miðað við samanburðartímabil



Graf 17: Nágrannar tilkynna til barnaverndarnefnda miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til september 2020

Ef litið er til þeirra tilkynninga sem bárust það sem af er af árinu 2020 bárust flestar tilkynningar frá nágrönnum í apríl og maí, 127 og 122 talsins. Utan þessara tveggja mánaða hefur fjöldi tilkynninga frá nágrönnum síðastliðna mánuði verið nokkuð svipaður, í kringum 80 tilkynningar á mánuði. Sker septembermánuður því sig svolítið úr, miðað við mánuðina á undan þegar 65 tilkynningar bárust frá nágrönnum. Er mestur munurinn í Reykjavík hvar ekki hafa borist færri tilkynningar síðan í mars á þessu ári.

Fjöldi tilkynninga frá nágrönnum, mars-september 2020




Graf 18: Nágrannar tilkynn til barnaverndarnefnda, mars til september 2020

Ættingjar

Í ágúst 2020 bárust alls 72 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá ættingjum, en 87 í september.

Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 70 og minnst 28 tilkynningar á einum mánuði frá nágrönnum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 46. Er fjöldi tilkynninga frá ættingjum í ágúst og september 2020 því yfir hæsta gildi samanburðartímabilsins.


Þegar skoðaðar eru tölur í ágúst og september 2020 fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningar voru alls staðar yfir meðaltali samanburðartímabilsins. Í rauninni voru tilkynningar í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu frá ættingjum með hæsta mótí, en í Reykjavík bárust 39 tilkynningar í septembermánuði, fleiri en hæsta gildi samanburðartímabilsins janúar 2019 – febrúar 2020. Á höfuðborgarsvæðinu voru tilkynningarnar 23 í ágúst og 21 í september 2020 sem eru fleiri tilkynningar frá ættingjum en hæsta gildi samanburðartímabilsins.



Graf 19: Ættingjar tilkynna til barnaverndarnefnda miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til september 2020

Ef litið er til tilkynninga sem hafa borist síðan í mars á þessu ári má sjá að tilkynningar frá ættingjum hafa verið vel yfir meðallagi allt árið, að undanskildum apríl og júní.

Ættingjar tilkynna, mars - september 2020



Graf 20: ættingjar tilkynna til barnaverndarnefnda á tímabilinu mars til september 2020


Lögregla

Í ágúst 2020 bárust alls 422 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá lögreglu en voru þær 455 í september.

Á samanburðartímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 511 tilkynningar og minnst 301 tilkynning á einum mánuði frá lögreglu og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 395. eru tilkynningar ágúst- og septembermánaðar því nokkuð yfir meðaltali en innan þeirrar sveiflu sem má finna á milli mánaða.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningar á landsbyggðinni voru í meðallagi í ágúst en vel yfir meðaltali í september, borið saman við samanburðartímabilið janúar 2019 til febrúar 2020. Í Reykjavík voru tilkynningar frá lögreglu yfir meðaltali samanburðartímabilsins í ágúst en undir meðaltali í september. Á höfuðborgarsvæði var fjöldi tilkynninga frá lögreglu yfir meðaltali báða mánuðina en í september voru þær fleiri en hæsta gildi samanburðartímabilsins.


Fjöldi tilkynninga frá lögreglu miðað við samanburðartímabil



Graf 21: Lögregla tilkynnir til barnaverndarnefnda miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til september 2020

Ef litið er til tilkynninga sem hafa borist frá lögreglu síðan í mars á þessu ári má sjá að tölur ágúst og septembermánaðar eru heldur lægri en hafa sést, að undanskildum fjölda tilkynninga í júlí. Flestar voru tilkynningarnar í apríl og júní þegar 489 og 481 tilkynning barst frá lögreglu.

Lögreglan tilkynnir, mars - september 2020




Graf 22: Lögregla tilkynnir til barnaverndarnefnda á tímabilinu mars til september 2020

Heilbrigðisstofnun

Í ágúst 2020 bárust alls 103 tilkynningar til barnaverndarnefnda frá heilbrigðisstofnunum og í september bárust 105.

Sé litið til tímabilsins janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 128 tilkynningar og minnst 78 tilkynningar á einum mánuði frá heilbrigðisstofnunum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 96. Er fjöldi tilkynninga sem bárust frá heilbrigðisstofnunum í ágúst og september 2020 því rétt yfir meðaltali miðað við umrætt tímabil en innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða.


Ef skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð í ágúst 2020 má sjá að tilkynningar í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu voru rétt undir meðaltali samanburðartímabilsins í ágúst. Aftur á móti voru tilkynningar sama mánaðar á landsbyggðinni 44 sem eru fleiri tilkynningar en hæsta gildi samanburðartímabilsins. Í september var fjöldi tilkynninga frá heilbrigðisstofnunum yfir meðaltali á öllum svæðum.



Graf 23: Fjöldi tilkynninga frá heilbrigðisstofnunum til barnaverndarnefnda miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2020

Ef litið er til fjölda tilkynninga frá heilbrigðisstofnunum síðan í mars má sjá að tölur ágúst og septembermánaðar eru heldur færri en bárust í júní og júlí, en þó fleiri heldur en bárust í apríl og maí 2020.

Að auki má nefna að ekki hafa borist fleiri tilkynningar á landsbyggðinni frá heilbrigðisstofnunum á þessu ári en þær sem bárust í ágúst, alls 44 talsins.



Graf 24: Fjöldi tilkynninga frá heilbrigðisstofnunum til barnaverndarnefnda, á tímabilinu mars til september 2020

Aðrir


Í ágúst 2020 bárust alls 131 tilkynning til barnaverndarnefnda frá öðrum tilgreindum aðilum en hér hafa verið skilgreindir að ofan. Í september voru tilkynningarnar 160.

Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 118 tilkynningar og minnst 54 tilkynningar á einum mánuði frá öðrum aðilum og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 84.

Er fjöldi tilkynninga í ágúst og september 2020 frá öðrum aðilum því nokkuð yfir hæsta gildi samanburðartímabilsins.


Ef litið er til tilkynninga í a) Reykjavík, b) nefnda á höfuðborgarsvæðinu, c) nefnda á landsbyggðinni má sjá að tilkynningar frá öðrum í ágúst og september 2020 eru alls staðar yfir meðaltali samanburðartímabilsins. Tilkynningar frá öðrum aðilum í ágúst 2020 voru fleiri en hæsta gildi í Reykjavík en innan þeirrar sveiflu sem má vænta milli mánaða bæði á höfuðborgarsvæði og landsbyggð. Í september 2020 voru tilkynningar innan þeirrar sveiflu sem má vænta á milli mánaða í Reykjavík og höfuðborgarsvæði en langt umfram hæsta gildi samanburðartímans á landsbyggð.

Fjöldi tilkynninga frá öðrum miðað við samanburðartímabil



Graf 25: Aðrir tilkynna til barnaverndarnefnda, samanborið við gögn frá 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2020.

Ef litið er á grafið hér fyrir neðan má sjá ákveðinn stíganda í fjölda tilkynninga þar sem tilkynnandi fellur ekki í sérstaklega skilgreindan flokk. Ekki hafa borist fleiri tilkynningar en í september þegar 160 tilkynnendur voru flokkaðir sem *aðrir*. Þá sker landsbyggðin sig úr hvað þessa flokkun varðar hvar 96 tilkynnendur voru skráðir sem *aðrir*.



Graf 26: Aðrir tilkynna til barnaverndarnefnda á tímabilinu mars til september 2020

Önnur barnaverndarnefnd og félagsþjónusta

Tilkynningar frá annarri barnaverndarnefnd voru 19 í ágúst og 23 í september 2020. Fjöldi tilkynninga er því yfir meðaltali samanburðartímabilisins janúar 2019 – febrúar 2020 en er þó vel innan þeirrar sveiflu sem má finna milli mánaða. Tilkynningar frá félagsþjónustunni í ágúst 2020 voru 25, sem er einmitt meðaltal samanburðartímabilisins janúar 2019 – febrúar 2020. Tilkynningar frá félagsþjónustunni í september 2020 voru 34 sem er vel yfir meðaltali samanburðartímabilisins en innan þeirrar sveiflu sem má finna á milli mánaða.

Efni tilkynninga

Tilkynningar til barnaverndarnefnda eru í meginatriðum flokkaðar samkvæmt skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd. Þannig getur tilkynning aðeins verið flokkuð í einn af fjórum yfirflokkum: a) vanræksla, b) ofbeldi, c) heilsa eða líf ófædds barns er í hættu, d) áhættuhegðun barns. Í hverjum yfirflokki, að utanskildum c) flokki, eru undirflokkar til nánari skilgreiningar eftir eðli tilkynningar. Er þessi samantekt byggð á frammannefndu flokkunarkerfi. Nánari upplýsingar um skilgreiningar- og flokkunarkerfi barnaverndar má finna [hér](#).

Ofbeldi²


Í ágúst 2020 bárust 241 tilkynning varðandi ofbeldi en í september voru tilkynningarnar 385.

Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 292 tilkynningar og minnst 206 tilkynningar á einum mánuði um ofbeldi og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 254. Eru tilkynningar ágústmánaðar varðandi ofbeldi því rétt undir meðaltali samanburðartímabilsins en fjöldi tilkynninga sem bárust í september eru langtum yfir hæsta gildi þess.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningar sem bárust í Reykjavík í ágúst 2020 voru færri heldur en lægsta gildi á samanburðartímabilinu eða 75 samanborið við 77 tilkynningar er bárust í febrúar 2019. Tilkynningar í ágúst vegna ofbeldis eru í meðallagi á höfuðborgarsvæðinu en yfir meðaltali á landsbyggðinni. Fjöldi tilkynninga í september eru yfir meðaltali þess tíma sem samanburðurinn tekur til í Reykjavík en þó innan þeirrar sveiflu sem má vænta á milli mánaða. Hinsvegar er fjöldi tilkynninga á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggð fleiri en hæsta gildi samanburðartímans.

² Samkvæmt skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd er ofbeldi gagnvart skilgreint sem „athöfn af hálfu foreldris eða annars aðila, sem leiðir til eða er líklegt til að leiða til skaða á þroska barns“. Ofbeldi gagnvart barni skiptist í þrjá megin flokka: 1) tilfinningalegt og sálrænt ofbeldi, 2) líkamlegt ofbeldi, 3) kynferðislegt ofbeldi. Sé barn beitt tilfinningalegu og/eða sálrænu ofbeldi er einnig skráð sérstaklega ef um er að ræða heimilisofbeldi, þ.e. barn verður vitni að ofbeldi.


Tilkynningar vegna ofbeldis, heildarfjöldi



Graf 27: Heildarfjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda vegna ofbeldis miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2019

Sé litið til fjölda tilkynninga sem hafa borist síðan í mars á þessu ári má sjá að fjöldi tilkynninga í júlí og ágúst skera sig úr. Síðan í mars hafa borist um og yfir 300 tilkynningar á mánuði, en flestar tilkynningar bárust núna í september.

Heildarfjöldi tilkynninga vegna ofbeldis, mars-september 2020



Graf 28: Heildarfjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda vegna ofbeldis á tímabilinu mars til september 2020

Í ágúst 2020 bárust 78 tilkynningar vegna *líkamlegs ofbeldis* til barnaverndarnefnda á landinu en í september voru þær 96. Hafa ekki fleiri tilkynningar borist vegna líkamlegs ofbeldis síðan í mars 2020. Miklar sveiflar hafa verið á tilkynningum vegna líkamlegs ofbeldis það sem af er af ári. Fæstar voru þær 55 í janúar og apríl en flestar tilkynningar, utan þeirra sem bárust í september, vegna líkamlegs ofbeldis bárust í apríl, þá 92 talsins.

Ef tölur ágúst- og septembermánaðar eru bornar saman við samanburðartímabilið janúar 2019 – febrúar 2020 sést að tilkynningar beggja mánaða eru fleiri en hæsta gildi tímabilsins. Aukinheldur voru tilkynningar í ágúst og september 2020 fleiri en höfðu borist að meðaltali til a) Reykjavíkur, b) nefnda á höfuðborgarsvæðinu, og c) nefnda á landsbyggð.

Mestur er munurinn í Reykjavík hvar bárust 37 tilkynningar í september 2020 vegna líkamlegs ofbeldis sem er 8 fleiri tilkynningum en hæsta gildi samanburðartímabilsins.

Ef næst er litið til tilkynninga er bárust í ágúst 2020 vegna *tilfinningalegs og sálræns ofbeldis* sést að þær eru svipaðar og mátti sjá í júlí en heldur færri en mánuðina á undan. Heildarfjöldi tilkynninga vegna tilfinningalegs og sálræns ofbeldis, í ágúst 2020, voru 146.

Í september voru heldur fleiri tilkynningar sem bárust vegna *tilfinningalegs og sálræns ofbeldis*, eða 229. eru það svipaðar tölur og sáust á vormánuðum, apríl, maí og júní þegar málaflöknum bárust 241, 252 og 244 tilkynningar. Er fjöldi tilkynninga í ágúst því undir meðaltali samanburðartímabilsins janúar 2019 – febrúar 2020, en tilkynningar septembermánaðar eru yfir hæsta gildi.

Fjöldi tilkynninga ágústmánaðar eru í meðallagi á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni en eru langtum færri í Reykjavík sé miðað við samanburðartímabilið og í raun bárust færri tilkynningar vegna tilfinningalegs og sálræns ofbeldis í ágúst 2020 en lægsta gildi samanburðartímabilisins.

Svipaða sögu er að segja vegna fjölda tilkynninga í september þar sem fjöldi tilkynninga í Reykjavík var undir meðaltali og rétt yfir meðaltali á landsbyggð. Aftur á móti bárust fleiri tilkynningar á höfuðborgarsvæðinu en hæsta gildi samanburðartímabilisins, eða 112 tilkynningar samanborið við 96.

Í ágúst 2020 bárust alls 75 tilkynningar vegna *heimilisofbeldis*. Samanborið við tímabilið janúar 2019 – febrúar 2020 voru tilkynningar ágústmánaðar 2020 í meðallagi, en flestar voru þær á samanburðartímabilinu 104, fæstar 47 og meðaltalið 73 tilkynningar. Tilkynningar sem bárust í september voru fleiri, eða alls 123. Er það svipaður fjöldi og í apríl, maí og júní þegar bárust 129, 114 og 130 tilkynningar vegna *heimilisofbeldis*.

Ef litið er til fjölda tilkynninga sem bárust í a) Reykjavík, b) til nefnda á höfuðborgarsvæðinu, og b) til nefnda á landsbyggðinni má sjá að tilkynningar í ágúst vegna heimilisofbeldis voru yfir meðallagi samanburðartímabilisins janúar 2019 – febrúar 2020 bæði á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni. Tilkynningar vegna heimilisofbeldis í Reykjavík voru aftur á móti 11 sem er sama og lægsta gildi samanburðartímabilisins. Í september var fjöldi tilkynninga í Reykjavík í meðallagi miðað við tímabilið sem hér hefur verið notað til viðmiðunar. Á landsbyggð voru tilkynningar rétt yfir meðaltali en þó innan

þeirra sveiflu sem má sjá á milli mánaða. Á höfuðborgarsvæðinu bárust 72 tilkynningar vegna heimilisofbeldis sem er töluvert hærra en hæsta gildi samanburðartímabilsins, 56 tilkynningar.


Tilkynningum varðandi *kynferðislegt ofbeldi* gegn börnum voru 28 í ágúst 2020 en töluvert fleiri í september eða 64. Hafa ekki fleiri tilkynningar borist vegna kynferðislegs ofbeldis gegn börnum síðan í mars á þessu ári.

Í janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 54 tilkynningar og lægsta gildi var 22 tilkynningar á einum mánuði. Meðaltal tímabilsins var 39, sem þýðir að tilkynningar ágústmánaðar voru undir meðaltali en tilkynningar septembermánaðar voru fleiri en hæsta gildi.

Þegar litið er til tilkynninga er bárust í Reykjavík sem og til nefnda á landsbyggðinni, voru tilkynningar ágústmánaðar undir meðaltali samanburðartímabilsins. Alls bárust 12 tilkynningar til nefnda á höfuðborgarsvæðinu sem er einnig meðaltal tilkynninga vegna kynferðislegs ofbeldis á samanburðartímabilinu.

Voru tilkynningar septembermánaðar rétt yfir meðallagi í Reykjavík og höfuðborgarsvæði en þó innan þeirrar sveiflu sem má finna milli mánaða. Tilkynningum vegna kynferðislegs ofbeldis sem bárust nefndum á landsbyggð voru aftur á móti fleiri en hæsta gildi samanburðartímabilsins.

Tilkynningar síðustu mánaða, um ofbeldi gegn börnum, hafa verið yfir meðaltali tilkynninga samanburðartímabilsins janúar 2019 – febrúar 2020, fyrir utan tveggja mánaða, júlí og ágúst. Að auki hafa nú, fyrstu 9 mánuði ársins 2020, borist fleiri tilkynningar á landsvísu en allt árið 2016 og 2018 líkt og má sjá á grafinu hér fyrir neðan. Því er enn fullt tilefni til þess að fylgjast nánar með þróun mála næstu mánaða.




Graf 29: Heildarfjöldi tilkynninga vegna ofbeldis, allir flokkar. Hér má sjá tölur fyrir allt árið 2016, 2017, 2018 og 2019 og fyrstu 9 mánuði ársins 2020

Vanræksla³

Tilkynningar um vanrækslu í ágúst voru 461 en 477 í september.

Sé litið til samanburðartímabilisins janúar 2019 – febrúar 2020 þá bárust mest 507 tilkynningar og minnst 307 tilkynningar á einum mánuði um vanrækslu og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 401. Voru tilkynningar í ágúst og september vegna vanrækslu því yfir meðaltali en þó innan þeirrar sveiflu sem má greina á milli mánaða.


Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að tilkynningar vegna vanrækslu í ágúst og september eru alls staðar yfir meðaltali tilkynninga á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 en þó ekki fleiri en hæsta gildi tímabilsins.



Graf 30: Heildarfjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda vegna vanrækslu miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2019

³ Vanræksla er, líkt of ofbeldi, yfirflokkur í skilgreiningar og flokkunarkerfi í barnavernd. Samkvæmt flokkunarkerfinu er vanræksla gagnvart barni skilgreind sem „skortur á nauðsynlegri athöfn, sem leiðir til skaða eða er líkleg til að leiða til skaða á þroska barns“. Vanræksla skiptist í fjóra undirflokkar sem eru: 1) líkamleg vanræksla, 2) vanræksla varðandi umsjón og eftirlit, 3) vanræksla varðandi nám, 4) tilfinningaleg vanræksla. Í þeim tilvikum sem tilkynning er skráð sem vanræksla varðandi umsjón og eftirlit er einnig skráð sérstaklega hvort að slík tilkynning berist vegna áfengis- og/eða vímuefnaneyslu foreldra.

Ef litið er til tilkynninga sem hafa borist síðan í mars á þessu ári þá er sá fjöldi tilkynninga sem bárust vegna vanrækslu, rétt undir meðaltali í ágúst og rétt yfir meðaltali í september, en meðaltal tilkynninga sem bárust vegna vanrækslu í mars-september er 471 tilkynning.



Graf 31: Heildarfjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda vegna vanrækslu á tímabilinu mars til september 2020

Tilkynningum þar sem vanræksla er varðandi *umsjón og eftirlit barna* voru alls 421 í ágúst og 415 í september 2020. Voru tilkynningar ágúst- og septembermánaðar yfir meðaltali samanburðartímabilsins janúar 2019 – febrúar 2020, eða 347 tilkynningar, en þó vel innan þeirra sveiflu sem má sjá á milli mánaða. Sú var einnig raunin þegar litið er til tilkynninga sem bárust í a) Reykjavík, b) til nefnda á höfuðborgarsvæðinu, c) til nefnda á landsbyggðinni. Voru tilkynningar í ágúst og september 2020 alls staðar yfir meðaltali.

Í ágúst 2020 bárust 145 tilkynningar vegna *foreldra í áfengis- og eða fíkniefnaneyslu* og 154 tilkynningar í september 2020. Eru það nokkuð færri en hafa borist síðastliðna mánuði. Raunar hafa ekki færri tilkynningar hvað þetta varðar borist síða í febrúar á þessu ári. Tilkynningar ágúst og septembermánaðar eru yfir meðaltali samanburðartímabilsins, janúar 2019 – febrúar 2020, eða 140 tilkynningar. Er fjöldi tilkynninga beggja mánaða þó innan þeirrar sveiflu sem mætti búast við á milli mánaða.


Alls bárust 20 tilkynningar varðandi *líkamlega vanrækslu* í ágúst 2020 og 25 í september. Sá fjöldi tilkynninga sem barst í september er sá sami og barst í mars og apríl, en ekki hafa fleiri tilkynningar borist á þessu ári. Er fjöldi tilkynninga í ágúst í meðallagi samanborið við tímabilið janúar 2019 – febrúar 2020. Tilkynningar septembermánaðar eru í hæsta lagi, jafn margar og hæsta gildi samanburðartímans.

Tilkynningar varðandi *tilfinningalega vanrækslu* voru alls 26 í ágúst 2020, en 57 í september. Eru tilkynningar ágústmánaðar rétt undir meðaltali samanburðartímabilsins janúar 2019-febrúar 2020, sem er 28 tilkynningar. Þær tilkynningar sem bárust í september eru aftur á móti yfir hæsta gildi samanburðartímans sem er 52 tilkynningar.

Í ágúst 2020 bárust alls 6 tilkynningar vegna vanrækslu varðandi nám en 13 í september. Sé borið saman við samanburðartímabilið janúar 2019 – febrúar 2020 má sjá að tilkynningar beggja mánaða eru undir meðaltali. Aftur á móti er vert að hafa í huga að gera má ráð fyrir að slíkum tilkynningum fækki mjög þá mánuði sem skólar eru ekki starfandi eða ný teknir til starfa eftir sumarfrí. Því væri nærtækara að líta til tilkynninga sem borist hafa nefndum landsins í ágúst- og septembermánuði síðastliðinna 3 ára. Má þá sjá að á árunum 2017, 2018 og 2019 bárust 3, 3, og 5 tilkynningar í ágúst og 14, 10 og 14 tilkynningar í september. Eru tilkynningar ágústmánaðar 2020 eitthvað fleiri en mætti almennt búast við í ágúst en svipaðar í september. Er þetta sagt með þeim fyrirvara að um tiltölulega fáar tilkynningar er um að ræða og því þarf lítið til að breytingar virki stórar.

Tilkynningar um vanrækslu hafa verið yfir meðaltali sjö mánuði í röð. Á fyrstu 9 mánuðum ársins 2020 hafa borist fleiri tilkynningar vegna vanrækslu en allt árið 2016 og 2017. Eru þessar tölur sérstakt áhyggjuefni og mikilvægt er að fylgjast með því á næstu mánuðum hver þróunin verður.

Vanræksla - allt landið, 2016-sept 2020




Graf 32: Heildarfjöldi tilkynninga vegna vanrækslu, allir flokkar. Hér má sjá tölur fyrir allt árið 2016, 2017, 2018 og 2019 og fyrstu 9 mánuði ársins 2020

Áhættu hegðun barns⁴

Í ágúst 2020 var heildarfjöldi tilkynninga um áhættu hegðun barns 254 en 390 í september.

Á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 bárust mest 380 tilkynningar og minnst 193 tilkynningar í einum mánuði um áhættu hegðun barns og er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 293. Eru tilkynningar ágústmánaðar um áhættu hegðun barns þannig undir meðaltali miðað við samanburðartímabil í ágúst og innan þeirrar sveiflu sem getur verið milli mánaða en langt umfram í september. Raunar bárust fleiri tilkynningar í september 2020 en hæsta gildi samanburðartímabilisins.

Þegar skoðaðar eru tölur fyrir 1) Reykjavík, 2) nefndir á höfuðborgarsvæði og 3) nefndir á landsbyggð má sjá að í ágúst 2020 var fjöldi tilkynninga í Reykjavík rétt yfir meðaltali eða 115 samanborið við 111. Á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni voru tilkynningar um áhættu hegðun barns nokkuð undir meðaltali. Í september var fjöldi tilkynninga sem bárust í Reykjavík vegna áhættu hegðunar barns rétt undir meðaltali, en yfir hæsta gildi bæði á höfuðborgarsvæði sem og á landsbyggð.




Graf 33: Heildarfjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda vegna áhættu hegðunar barns miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2019

⁴ Í skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd er áhættu hegðun barns skilgreind sem „athöfn eða skortur á athöfn barns sem veldur barninu sjálfu eða öðrum skaða eða er líkleg til að valda því eða öðrum skaða“. Þar sem um er að ræða áhættu hegðun barna er börn oftast komin á táningsaldur.

Heilt yfir hefur tilkynningum varðandi áhættu hegðun barns verið undir meðaltali síðastliðna mánuði, að undanskildum maí- og septembermánuði. Líkt og sjá má á grafinu hér fyrir neðan er sá fjöldi tilkynninga sem bárust í september langt umfram það sem sést hefur síðan í mars. Því er mikilvægt að fylgjast með þróun mála á næstu mánuðum.

Heildarfjöldi tilkynninga vegna áhættu hegðunar barns, mars- september 2020



Graf 34: Heildarfjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda vegna áhættu hegðunar barns á tímabilinu mars til september 2020

Heilsu eða lífi ófæddis barns er stefnt í hættu⁵

Í ágúst 2020 bárust alls 23 tilkynningar til barnaverndarnefnda þar sem talið var að heilsu eða lífi ófæddis barns væri stefnt í hættu. Ekki hafa borist fleiri tilkynningar í málaflóknum það sem af er af þessu ári. Vert er að nefna að hér er um að ræða fjölda tilkynninga, ekki fjölda ófæddra barna sem tilkynnt er um. Í september 2020 bárust alls 9 tilkynningar til nefnda þar sem talað var að um heilsu eða lífi ófæddis barns væri stefnt í hættu.


Mest bárust 12 tilkynningar vegna ófæddra barna á tímabilinu janúar 2019 – febrúar 2020 og minnst 3 tilkynningar á einum mánuði. Er meðaltal slíkra tilkynninga á umræddu tímabili 7. Fjöldi tilkynninga er barst í ágúst 2020 voru því fleiri en þegar flestar tilkynningar bárust á samanburðartímanum, en tilkynningar septembermánaðar eru rétt yfir meðaltali.

Þegar litið er til fjölda tilkynninga sem bárust í ágúst til 1) Reykjavíkur, 2) nefnda á höfuðborgarsvæði og 3) nefnda á landsbyggð má sjá að tilkynningum varðandi ófædd börn fjölga fyrst og fremst í Reykjavík, og eru 19 talsins en hæsta gildi samanburðartímabilsins er 9. Á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni bárust 1 og 3 tilkynningar vegna ófæddra barna

⁵ Samkvæmt skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd er tilefni tilkynninga skilgreint sem svo: „foreldri setur ófætt barn sitt í hættu með athæfi sínu“.

Í ágúst 2020 og er það innan þeirrar sveiflu sem má sjá á milli mánaða. Í september var fjöldi tilkynninga sem barst til 1) Reykjavíkur, 2) nefnda á höfuðborgarsvæðinu, og 3) nefnda á landsbyggð alls staðar yfir meðaltali en þó innan þeirrar sveiflu sem ma finna á milli mánaða.


Tilkynningar vegna ófædds barns, heildarfjöldi



Graf 35: Heildarfjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda vegna ófædds barns miðað við samanburðartímabilið 1. janúar 2019 til 29. febrúar 2019

Hér fyrir neðan má sjá fjölda tilkynninga sem hafa borist barnaverndarnefndum vegna ófædds barns, síðan í mars 2020. Þá má sjá að síðan í mars hafa ekki borist fleiri tilkynningar en þær sem bárust í ágúst, og ekki hafa borist færri tilkynningar en þær sem bárust í september.

Heildarfjöldi tilkynninga vegna ófædds barns, mars-september 2020



Graf 36: Heildarfjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda vegna ófædds barns á tímabilinu mars til september 2020

Samantekt

Nú hafa tölur frá barnaverndarnefndum landsins verið teknar saman mánaðarlega síðan í mars á þessu ári til að fylgjast með stöðu og þróun tilkynninga.

Eðli máls samkvæmt eru sveiflur á milli mánaða og því er sérstaklega mikilvægt að bera tölur saman við lengra tímabil en aðeins mánuðina á undan. Líkt og sjá má í þessari skýrslu bárust nokkuð færri tilkynningar til barnaverndarnefnda í júlí og ágúst, en aftur á móti hafa ekki borist fleiri tilkynningar á þessu ári en þær sem bárust í september.

Tilkynningar vegna ofbeldis hafa síðustu mánaða verið yfir meðaltali samanburðartímabilisins, fyrir utan júlí og ágúst. Er sérstaklega bent á að nú, á fyrstu 9 mánuðum ársins, hafa borist fleiri tilkynningar vegna ofbeldis en bárust allt árið 2016 og 2018.

Tilkynningar vegna vanrækslu hafa nú síðustu 7 mánuði verið stöðugt yfir meðaltali samanburðartímabilisins. Að auki hafa nú, fyrstu 9 mánuði ársins, borist fleiri tilkynningar vegna vanrækslu en bárust allt árið 2016 og 2017.

Eru þessar tölur sérstakt áhyggjuefni sem ber að fylgjast nánar með.